



11. desember 2020

Hjólreiðaáætlun: Rafhjól til útláns í Reykjavík 2021 - tilraunaverkefni - tillaga

Á árunum 2018 og 2019 var farið í tilraunaverkefni með útlán á rafhjólum til íbúa í Reykjavík með góðum árangri. Verkefnið var fjármagnað með fjármunum af hjólreiðaáætlun og útlánstímabil var frá vori fram á haust bæði árin.

Lagt er til að tilraunaverkefnið verði endurtekið á tímabilinu janúar-maí 2021 til að hvetja til vetrarhjólreiða og afla gagna um notkun, áskoranir og úrlausnarefni þegar kemur t.d. að mismunandi vetrarþjónustu á stígakerfi borgarinnar, lýsingu og fleiri þáttum.

Í samstarfi USK við Skóla- og frístundasvið verði því starfsfólki SFS sem að jafnaði ferðast á bíl til/frá vinnu boðið að sækja um að fá að láni rafhjól á nagladekkjum til eigin notkunar í rúmlega 5 vikur hver. Þátttakendur skuldbinda sig til að svara spurningakönnunum um hjólreiðar og skrá ferðir sínar á lánstímabilinu. Alls starfa um 5.500 manns hjá skóla- og frístundasviði, flestir í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Yfir 80% starfsmanna SFS eru konur.

Áætlaður kostnaður við leigu á rafhjólum fyrir verkefnið er rúmlega **5 m.kr.** Kostnaðaráætlun miðast við um fjögurra mánaða verkefni með 75 þátttakendum, þar sem notast væri við 25 rafhjól í einu.

f.h. stýrihóps um mótun Hjólreiðaáætlunar 2021-2025

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri